

**76** Sé gjald fyrir rafmagn eigi greitt innan viku frá gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum, eða afhent í húsnæði því, sem lögnin er í.

Hver húseigandi ber ábyrgð á greiðslu fyrir rafmagn, sem notað er í húsi hans.

Gjöld öll fyrir rafmagn má taka lögtaki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 10 7. marz 1928, fyrir rafmagn í Keflavíkurkaupþúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932 til að öðlast gildi 1. júlí þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1934.*

Þorsteinn Breim.

*Vígfús Einarsson.*

**77**

28. júní

## REGLUGERÐ

um notkun og meðferð rafmagns í Keflavík.

1. gr.

Rafveitan er eign Keflavíkurhrepps og hefir hreppsnefndin yfirstjórn hennar. Hún kys 2 menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn, en hreppsnefndaroddviti er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar.

2. gr.

Rafveitan selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar. Þó má hreppsnefnd selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

4. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 15. ágúst til 15. maí, frá þeim tíma dags, sem ljósa er þörf og þar til á morgnana að vinnubjart er orðið.

## 5. gr.

77

Þann tíma, sem ljósa er þörf, sbr. 4. gr., má ekki taka strauminn af nema nauðsyn beri til, og svo stuttan tíma sem unnt er.

## 6. gr.

Rafveitan lætur leggja heimtaugar frá aðallögnum inn fyrir húsvegg að stofnvari og eru heimtaugar eign hennar, en umsækjandi skal að verkinu loknu greiða tengingargjald, er hreppsnefnd ákveður. Umsækjandi skal láta einhvern löggiltan rafvirkja leggja húsveiturnar, en sjálfur stendur hann straum af kostnaðinum.

## 7. gr.

Hver, sem óskar að fá hús sitt raflagt, eða breytt eldri raflagningu, skal senda rafveitunefnd skriflega beiðni um það með upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann óskar að fá, ásamt öðrum upplýsingum nauðsynlegum fyrir raflagninguna. Rafveitunefnd ákveður því næst, hvort raflagningin eða breytingin skuli leyfð og skal hún hafa tekið ákvörðun um það og tilkynnt umsækjanda innan þriggja vikna frá því að hún fekk umsóknina.

## 8. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í hús eða breytt eldri raflagningu, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyr en sá, er gætir stöðvarinnar, hefir skoðað og reynt hana og vottað, að hún sé fullnægjandi. Ef raflagningin reynist ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi rafvirki laga hana þannig að hún sé fullnægjandi.

## 9. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er rafveitan leggur til. Eru mælarnir eign rafveitunnar og leigir hún þá út fyrir ákveðið gjald. Þó er þeim, er nú eiga straummæla, heimilt að nota þá framvegis.

## 10. gr.

Enginn má, án leyfis rafveitunefndar, taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar né aðhafast neitt það, er valdið geti skemmdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjótí nokkur gegn ákvæði þessu skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sé verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við því samkvæmt hegningarlögunum.

## 11. gr.

Notendur skulu sjá um, að tæki þeirra og lagnir séu ætíð í góðu lagi og skýra stöðvarstjóra frá sérhverri bilun, sem þeir verða varir við. Notendur skulu varast að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

## 12. gr.

Rafveitunefnd er heimilt að banna notkun gamalla lampa eða annara þeirra áhalda, er að hennar áliti eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

77

28. júní

13. gr.

Starfsmenn rafveitunnar og meðlimir rafveitunefndar skulu ætíð hafa frjálstan aðgang til þess að skoða innlagnir og tæki þau, er notuð eru, til þess að ganga úr skugga um, hvort allt sé í góðu lagi. Ef gallar reynast á en þeir eru ekki bættir getur stöðvarstjóri rofið sambandið við húsið þar til aðgerð hefir farið fram.

14. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvila, samkvæmt reglugerð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitustjóra, er rafveitustjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum sem af vanrækslunni kunna að stafa.

15. gr.

Enginn má taka að sér að leggja raflagnir, utan húss eða innan, eða breyta eldri raflögnum eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt það verk, er snertir taugakerfi rafveitunnar, nema hann sé löggiltur af rafmagnseftirliti ríkisins til þess að framkvæma slík störf.

16. gr.

Rafveitan hefir einkasölu á rafmagnsperum og öryggjum á rafveitusvæðinu.

17. gr.

Hreppsnefnd ræður, að fengnum tillögum rafveitunefndar stöðvarstjóra og aðra starfsmenn rafveitunnar og ákveður laun þeirra.

Stöðvarstjóri á rétt á að sitja fundi rafmagnsnefndar og taka þátt í umræðum, en atkvæðisrétt hefir hann ekki nema hann sé í nefndinni.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 100, 22. nóv. 1923, um notkun og meðferð rafmagns í Keflavík.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi 1. júlí þ. á., og birtist til eftirbreytnei öllum, þeim sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vigfús Einarsson.*